

STJÓRNARTÍÐINDI B 21 – 1999

11. mars 1999

461

Nr. 160

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	<i>Vara</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Vörumagn kg</i>	<i>Verðtollur %</i>	<i>Magntollur kr./kg</i>
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	16.03.-28.03.99	ótilgr.	7,5	50
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	29.03.-04.04.99	ótilgr.	15	99
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	05.04.-11.04.99	ótilgr.	22,5	148
0703.9001	Blaðlaukur	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0704.1000	Blómkál	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0704.2000	Rósakál	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0704.9002	Rauðkál	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0704.9003	Kínakál	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0704.9005	Fóðurmergskál	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0704.9009	Annað	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0705.1112	Jöklasalat	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0705.1199	Annað (salat)	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0705.1900	Annað	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0705.2100	Kaffifíflsblöð	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0705.2900	Annað	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0706.9001	Gulrófur	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0706.9009	Annars	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0709.3000	Eggaldinjurtir	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0709.5100	Sveppir	16.03.-30.06.99	ótilgr.	7,5	100
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0709.9002	Kúrbítur	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0709.9004	Steinselja	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0709.9009	Annars	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
<i>Úr tollnúmeri:</i>					
0709.6003	Paprika, græn	16.03.-28.03.99	ótilgr.	7,5	99
0709.6003	Paprika, græn	29.03.-18.04.99	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika, græn	19.04.-30.06.99	ótilgr.	22,5	298
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgða-tollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. mars 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Hjördís Halldórsdóttir.

REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 595/1997 um heimilisuppbót,
sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt
9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.**

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Frekari uppbætur.

8. gr.

Heimilt er að greiða frekari uppbætur til elli- og örorkulífeyrisþega ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki framfleytt sér án þess. Við mat á því hvort lífeyrisþegi geti framfleytt sér skal taka tillit til eigna og tekna bótaþega, þar á meðal bóta almannatrygginga og kostnaðar sbr. 2. mgr. Frekari uppbætur skulu þó aldrei greiddar til lífeyrisþega sem á eignir í peningum eða verðbréfum yfir 4.000.000 kr., eða hefur heildartekjur, að meðtöldum bótum almannatrygginga yfir 96.230 kr. á mánuði. Viðmiðunarmörk hjóna miðist við tvöfaldar þessar upphæðir.

Frekari uppbætur er heimilt að greiða vegna:

1. Umönnunarkostnaðar, sem heimilishjálpi eða aðrir opinberir aðilar greiða ekki.
2. Sjúkra- eða lyfjakostnaðar, sem sjúkratryggingar greiða ekki.
3. Húsaleigu, sem fellur utan húsaleigubóta.
4. Vistunarkostnaðar á dvalarheimilum, stofnunum svo og sambýlum og áfangastöðum, sem fengið hafa starfsleyfi frá ráðuneyti eða reka sambærilega starfsemi að mati samráðsnefndar sbr. 3. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast gildi nú þegar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 11. mars 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.